

## Fundur í skólaráði Snælandsskóla 29. sep. 2020

Mættir: Arna Björk Þórðardóttir, fulltrúi grenndarsamfélagsins, Brynja Rut Sigurðardóttir og Áslaug Eiríksdóttir fulltrúar foreldra, Soffía Weisshappel og Jón Óttarr Karlsson fulltrúar kennara og Magnea Einarsdóttir skólastjóri.

Áslaug tilkynnti að hún myndi ekki gefa kost á sér til áframhaldandi setu í skólaráði. Foreldrar þurfa því að finna annan fulltrúa.

Rætt um starfsáætlun. Ábendingar komu um nokkur atriði s.s. nafnabreytingar sem átti eftir að uppfæra milli ára en að öðru leyti var áætlunin samþykkt af skólaráði.

Foreldrar lýstu yfir ánægju með starfsemi frístundar í Fagralundi. Í framhaldinu fór Magnea aðeins yfir framtíðarsýn í húsnæðismálum.

Rætt var um fjölda starfsmanna sem eru komnir í sóttkví vegna smita á leikskólum í Kópavogi. Skólinn mun reyna að manna forföll eins og hægt er en það gæti komið upp sú staða að það þurfi að senda bekkir heim ef ekki næst að manna forföll.

Nefnt var að IGLÓ hefði verið með viðburð sem nær yfir útivistartíma. Rétt er að hafa í huga að þó að það sé kannski ekki æskilegt þá er það heimilt og skv. lögum mega börn og ungmenni fara heim eftir auglýstan útivistartíma ef þau eru að fara heim eftir skipulagt skóla- og/eða æskulýðsstarf.

Foreldrar hafa ekki verið varir við hópamyndanir í hverfinu.

Foreldrar voru hvattir til að vinna með árganga sem heild í stað þess að vinna afmarkað í bekkjum. Lagt til að nota heitið árgangafulltrúar í stað bekkjarfulltrúa og eins hafa eingöngu t.d. facebook-síðu fyrir árganga en ekki hafa facebook-síðu fyrir hvern bekk í árganginum.

Kynnt var að á næstunni verði farið af stað í vinnu með viðhorf og menningu í einum árgangi á unglingastigi þar sem þróun hefur verið miður góð. Búið er að hafa samband við sérfræðinga hjá KVAN og farið verður af stað í vinnu með þeim í vetur.

Foreldrar lýstu yfir áhyggjum með samkomur á vegum skólans í ljósi covid og ræddu m.a. að það þyrfti að huga að útfærslu í tengslum við jólafröndur foreldrafélagsins þar sem ekki er hægt að fá foreldrahópa inn í skólann. Í framhaldi af því nefndi Magnea að hugsanlega yrðu foreldraviðtöl í október annað hvort símaviðtöl eða með fjarfundaformi.

Fundi slitið.

Brynjar Ólafsson, ritari